

LÖG

35
15. júní

um

breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsima- og talsimakerfi].

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við lagagreinina bætist:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólstað, Ós og Tjörn að Illugastöðum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Ennfremur lína frá Melstað að Núpðalstungu. Lína frá Hnausum, um Hujúk og Eyjólfstaði, að Ási í Vatnsdal. Lína frá Efra-Hvoli, um Hof og Kirkjubæ, að Geldingalak. Lína frá Þórshöfn til Skála, og ennfremur lína til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum að Skinnastöðum. Lína frá Ljósavatni fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stórakroppi, um Reykholt, Stóra-Ás í Hálsasveit, að Bjarnastöðum í Hvítársíðu. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal. Lína frá Selnesi á Skaga. Lína frá Bíldudal að Selárdal. Lína frá Sandnesi að Drangnesi. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Mosfelli að Laugarvatni í Laugardal.

2. gr.

Lög nr. 26, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.